

Fundargerð háskólaráðs 31. janúar 2019

Staðsetning: Meistarastofa kl. 15.00

DRÖG

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Helga Kristín Auðunsdóttir (vm) fulltrúi kennara (Skype), Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Hafdís Jóhannsdóttir fulltrúi grunnema, Guðrún Björk Friðriksdóttir umsjónarmaður kennslukerfa og fulltrúi starfsmanna, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastýra kennslu og þjónustu og Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi grunnema.

Áheyrnarfulltrúar: Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri og Stefán V Kalmansson gæðastjóri.

Fjarverandi: Sigrún Lilja Einarsdóttir, Daníel Alexander fulltrúi grunnema, Birgitta Dögg Bender Prastardóttir fulltrúi nema í Háskólagátt og Brynjar Elefsen Ólafsson fulltrúi meistaránema.

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Yfirlit yfir fjármál

Fjármálastjóri segir frá stöðu uppgjors 2018, líkur á að niðurstaðan verði um 2,5 milljónir í afgang. Niðurfærsla krafna verður líklega um 8 milljónir króna. Verðum líklega aðeins hærrí í tekjum en gert var ráð fyrir. Reiknað orlof líklega aðeins hærra en reiknað var með. Meiri kostnaður vegna hótelsins en reiknað var með, aðrar tekjur en hefðbundnar tekjur verða örlítið hærrí en reiknað var með.

Útsendir reikningar vegna skólagjalda á vorönn 2019 eru um 125 millj. kr., sem er aðeins hærra en var á vorönn í fyrra. Gera má ráð fyrir um 8% hækkun á skólagjaldatekjum á árinu.

3. Innritanir á vorönn 2019

Rektor kynnir tölur um umsóknir og innritun á vorönn 2019. Um 90 umsóknir erlendra greiðandi nemenda komu inn í grunnnám, 48 voru samþykktir og eru flestir þeirra í fjarnámi núna. 24 íslenskir nemendur hófu nám á vorönn 2019 en gæti farið í um 30 nemendur þegar allir hafa skilað sér, þ.m.t. diplómanám. Í meistaránáminu innrituðust 33 á vorönn 2019. Því eru nú um 60 nemendur að hefja nám á háskólastigi á vorönn 2019, í fyrra var talan svipuð. Tölur sýna að nú eru rúmlega 600 manns í skólanum sem er einna mesti nemendafjöldinn á vorönn sem verið hefur í skólanum á undanförunum árum.

4. Gæðamál

Gæðastjóri kynnir tvö skjöl sem eru í vinnslu, annars vegar um umbótamiðað gæðastarf og hins vegar um mannauðsmál. Skjölin eru í yfirllestri og rýni. Komið er að því að taka afstöðu til þessara skjala. Efnislega er ekki um breytingar að ræða, einkum uppfærsla og aðlögun sem á sér stað. Síðar munu koma inn gæðaskjöl um nám og kennslu og hins vegar um alþjóðamál. Ítrekar mikilvægi þess að nemendur verði virkir í gæðastarfi skólans. Segir frá því að

sjálfsmatsvinna er í gangi í félagsvísinda- og lagadeild, henni lýkur væntanlega í lok febrúar. Stofnanaúttektin er komin í gang, búið er að finna ytri ráðgjafa. Stofnanaskýrslan verður væntanlega fyrirbyggjandi í nóvember 2019 og henni verður skilað í maí 2020.

5. Siðareglur

Rektor ræðir um siðareglur skólans og að nú er sama fólkíð í siðanefnd fyrir LbHÍ og siðanefnd Háskólans á Bifröst. Rektor fer yfir athugasemdir frá Jóni Ólafssyni við siðareglur skólans og mun senda háskólaráði þessar athugasemdir til athugunar og yfirferðar. Hvetur nemendur, deildir og svið til að fjalla um ábendingar Jóns. Um þetta verður fjallað á næsta fundi háskólaráðs.

6. Bett og Learnit: Frásögn rektors

Rektor sótti tvær ráðstefnur í London nú í janúar, Bett og Learnit. Hann kynnir nokkur atriði sem hann tók saman eftir ráðstefnurnar. Einkum fjallað um tækni og tækninýjungar í námi og kennslu á þessum ráðstefnum. Hann telur brýnt að fylgjast vel með helstu nýjungum í kennslumálum og halda áfram að fylgjast vel með því nýjasta sem er að gerast á þessu sviði.

7. Önnur mál

- a) Rektor kynnir að Sigrún Jónsdóttir kennslustýra láti af störfum í marsmánuði en hún er komin með annað starf. Starf framkvæmdastjóra kennslu og þjónustu verður því auglýst sem fyrst.
- b) Rektor segir frá því að Kaospilot og Hjallastefnan munu einbeita sér að því að þróa kennaranám og mennta nýja tegund kennara, sem geta verið leiðtogar. Búið er að funda með menntamálaráðherra um þessa hugmynd. Búist er við svörum bráðlega frá ráðuneytinu varðandi þetta verkefni.
- c) Umsjónarmaður kennslukerfa segir frá tilraunakennslu á Canvas í skólanum á vorönn í Mætti kvenna. Það hefur gengið vel. Verið er að kalla eftir kennurum til að prófa Canvas í kennslu í háskóladeildum í lotu 2.
- d) Bjarni Heiðar spyr um hvort að nemendur sem fara í skiptináám og búa á Bifröst geti haldið húsnæði hér og þurfi líka að borga leigu erlendis í skiptináminu. Fjármálastjóri telur líklegt að það þurfi að rýma íbúðir sem væru ekki í notkun á meðan ef fella eigi niður leigu á meðan.
- e) Bjarni Heiðar spyr um upphæð leigu á Bifröst, t.d. samanborið við stúdentagarða HÍ og HA teljist samkeppnishæf, þ.e. hvort leigan hér sem slík hafi aðráttarafl fyrir nemendur. Fjármálastjóri telur ólíklegt að unnt sé að lækka leigu til stúdenta.

Fundi slitið kl. 16.40

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir